

Fundur undirnefndar undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kjörbréfa
19. október 2021
(lögreglustöðinni Bjarnabraut 2, Borgarnesi)

Kl. 09:05 var undirnefnd undirbúningsnefndar, ásamt starfsfólki Alþingis (EPK og ÞV), saman komin í lögreglustöðinni í Borgarnesi. Undirnefnd undirbúningsnefndar skipa Björn Leví Gunnarsson (BLG), Þórunn Sveinbjarnardóttir (ÞSv) og Líneik Sævarsdóttir (LínS). Þá var einnig mættur Ingi Tryggvason formaður yfirkjörstjórnar NV-kjördæmis.

Kl. 09:25 mætti Berglind Lilja Þorbergsdóttir (BLÞ) starfsmaður yfirkjörstjórnar NV-kjördæmis ásamt Þorkeli Magnússyni (ÞM), Guðrúnu Kristjánsdóttur (GK) og Guðnýju Pálsdóttur (GP) (starfsfólk sýslumannsins á Vesturlandi).


Kl. 09:30 voru innsigli (K00020875 og K00020876) á fangaklefa nr. 3 í kjallara lögreglustöðvarinnar könnuð af hálfu undirnefndarinnar.



Kl. 09:32 rauf formaður yfirkjörstjórnar innsigli á fangaklefanum. Fluttir voru 11 kassar (pappakassar af mismunandi stærð og gerð) af ónotuðum seðlum upp á þriðju hæð í fundarherbergi almannavarna.



Kl. 09:42 var fangaklefi innsiglaður að nýju af BLP með einu innsigli (K00007157).



Fjölmiðlafólk frá RÚV og Fréttablaðinu var viðstatt og fylgdist með þegar innsigli var rofið og kassar með atkvæðaseðlum voru fluttir á þriðju hæð og þegar fangaklefinn var innsiglaður að nýju. Þegar búið var að ferja alla kassa upp á þriðju hæðina svaraði undirnefnd spurningum fjölmiðla.

Kl. 09:50 hófst talning.

Fjölmiðlafólk var viðstatt í upphafi talningar, en yfirgaf salinn ásamt oddvita yfirkjörstjórnar um kl. 09:55.

Atkvæðaseðlar voru ýmist í 100 seðla búntum, bundnir saman með bréfbandi og þannig taldir frá prentsmiðju, eða lausir. Heldur fleiri lausir. Talninguna önnuðust BLÞ, ÞM, GK og GP. BLÞ hafði yfirumsjón með talningu og hélt bókhald. Þeir seðlar sem bundnir voru saman í 100 stykkja búnt voru taldir einu sinni. Ekki var talin ástæða til þess að tvítelja þá, þar sem búntin komu þannig talin frá prentsmiðju. Ef bunkinn stemmdi var hann merktur af þeim sem taldi og BLÞ skráði. Lausir seðlar voru að hluta í sérmerktum búntum. Allir lausir seðlar voru taldir tvisvar. Þegar fyrsta búntið hafði verið talið var það talið af öðrum og ef ekki stemmdi var talið í þriðja sinn og eftir atvikum fjórða sinn.

BLG, LínS, ÞSv og ÞV fylgdust með talningunni og EPK ritaði fundargerð.

Kl. 11:55 lauk talningu. BLÞ les upp fjölda bunka og BLG, LínS og ÞSv slógu inn tölurnar. Þær tölur sem sjá má á eftirfarandi mynd voru slegnar inn og voru niðurstöður eftirfarandi:

Tali. buntar

1	100	100	100	100	101	107
2	100	100	100	100	72	64
3	100	100	100	100	80	73
4	100	100	100	100	12	65
5	100	100	100	100	6	111
6	100	100	100	100	9	41
7	100	100	100	100	112	102
8	100	100	100	100	101	80
9	100	100	100	100	84	49
10	100	100	100	100	90	92
	1000	1000	1000	1000	80	52
					103	67
1	100	100	100	100	105	49
2	100	100	100	100	2	31
3	100	100	100	100		76
4	100	100	100	100		90
5	100	100	100	100		94
6	100	100	100	100		68
7	100	100	100	100		103
8	100	100	100	100		50
9	100	100	100	100		51
10	100	100	100	100		124
	1000	1000	1000	1000		47
						39
						92
						113
						52
						70
						111

2 myndir

- Samtala stakra bunka var 3.195:
101+72+80+12+6+9+112+101+84+90+80+103+105+2+107+84+73+65+111+41+102+80+49+92+52+67+49+31+76+90+94+68+163+50+51+124+47+34+92+113+52+70+111
- Samtala 100 seðla bunta var 6.900
- Samtala ónotaðra seðla var **10.095**, þar af voru tveir seðlar í umslagi undirkjörstjórnar, áritaðir „ónýtur“ með bláum penna (sama rithönd) þar sem á bakhlið þeirra voru tákn (X) og (O) merkt með blýanti.
- Við atkvæðagreiðsluna voru notaðir **13.905** atkvæðaseðlar. Samtala notaðra og ónotaðra seðla var **24.000**.

BLP upplýsti að kjörstjórnin hefði fengið **24.000** atkvæðaseðla afhenta frá dómismálaráðuneyti.

Mismunur á 13.905 atkvæðum greiddum á kjörfundi og samtals greiddra atkvæða 17.668 munu vera atkvæði greidd utan kjörfundar 3.763.

BLP mun setja niðurstöðurnar og bókhald sitt í excelskjal og senda nefndinni og verður fylgiskjal með greinargerð þessari.

Mynd af ónýtum seðlum:



Kl. 12:05 var hafist handa við að flytja ónotaða atkvæðaseðla aftur niður í kjallara lögreglustöðvarinnar.

Kl. 12:10 var innsigli (K00007157) rofið af starfsmanni yfirkjörstjórnar og kassarnir ferjaðir inn í fangageymsluna. Endurraðað var í kassana og urðu þeir því færri.



Kl. 12:14 var fangaklefinn innsiglaður að nýju af starfsmanni yfirkjörstjórnar (K00020873 og K00020874).



Fjölmiðlafólk frá RÚV og Fréttablaðinu var viðstatt þegar kassar voru ferjaðir niður af þriðju hæð og í kjallara og þegar innsigli var rofið og kassar fluttir aftur inn í fangaklefan. Auk þess var fjölmiðlafólk viðstatt þegar fangaklefinn var innsiglaður að nýju.

Fleira var ekki gert.
Fundu slitið kl. 12:15.

Talning ónotaðra seðla þann 19. október 2021

1	100	100	100	100	100	100	100
2	100	100	100	100	100	100	100
3	100	100	100	100	100	100	100
4	100	100	100	100	100	100	100
5	100	100	100	100	100	100	100
6	100	100	100	100	100	100	100
7	100	100	100	100	100	100	100
8	100	100	100	100	100	100	100
9	100	100	100	100	100	100	100
10	100	100	100	100	100	100	100
	1000	1000	1000	1000	1000	1000	900

101	80	102	94	52
72	103	80	68	70
80	105	49	163	111
12	2	92	50	
6	107	52	51	
9	84	67	124	
112	73	49	47	
101	65	31	34	
84	111	76	92	
90	41	90	113	
<hr/>				
				3195

= 6900

= 3195

	6.900
	3.195
Samtals	10.095

Útlutaðir seðlar	24.000
Atkvæði á kjörstað	13.905
Afgangsseðlar Samtals	10.095

Staðfest
 Berglind L. Þorbjörgsd.
 8tm. yfirkjörstjórnar
 Nv. Kjördemis.